

Hafnarfjarðarhöfn

Fjárhagsáætlun 2023

Greinargerð hafnarstjóra við framlagningu fjárhagsáætlunar



Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2023 byggir m.a. á eftirfarandi forsendum:

- Rekstur verður með svipuðu sniði og árið 2022.
- Stöðugleiki verður í almennum lausa flutningum – asfalt, olía, sandur, salt og brotajárn.
- Landanir Rússatogara falla að öllum líkindum niður líkt og á þessu ári vegna löndunarbanns.
- Aflagjöld og vörugjöld verða sambærileg og á árinu 2022.
- Gert er ráð fyrir nokkurri fjölgun í komum farþegaskipa á árinu 2023.
- Gjaldskrá hafnarinnar mun hækka í samræmi við verðlag eða um 9,5% frá 1. janúar 2023.
- Rekstrarkostnaður mun aukast vegna aukinnar verðbólgu og almennra verðlagshækkana.
- Óvissa er um launamál, en kjarasamningar eru í gildi til marsloka 2023.
- Í viðhaldi hafnarmannvirkja verður m.a. unnið að endurbótum á Óseyrarbyggju.
- Áhersla verður á að fjölga landtengingum stærri skipa með tilkomu nýja háspennibúnaðarins.

Helstu nýframkvæmdir og skipulagsvinna á árinu 2023:

- Hafnar verða framkvæmdir við landfyllingu vegna 1. áfanga nýrrar hafnar í Straumsvík.
- Landfyllingar munu hefjast við nýja smábátahöfn, Hamarshöfn, utan við Vesturhamar.
- Unnið verður áfram að enduruppbyggingu Norðurgarðsins.
- Lokið verður við frágang á uppfyllingarsvæði milli Suðurbakka og Hvaleyrarbakka.
- Framkvæmdum verður lokið við nýtt uppsátur fyrir báta og kerrur við Hvaleyrarlón.
- Skipulagsvinnu lokið við Hamarssvæði og byrjað að útfæra nýtt skipulag við Flensb.höfn.


Samanburður áætlana 2022 og 2023



	2022	2023	Skýringar
Hafnargjöld	460.000	538.500	viðbót í vörugjöldum
Seld þjónusta	182.500	212.500	viðbót í farþegaskipum + rafm.
	<u>642.500</u>	<u>751.000</u>	
Leigutekjur	94.367	100.832	
Tekjur alls	<u>736.867</u>	<u>851.832</u>	
Launakostn.	<u>257.916</u>	<u>277.470</u>	
Lífeyrisskuldb.	<u>18.491</u>	<u>24.000</u>	
Vörukaup	<u>58.600</u>	<u>74.800</u>	háspenna til endursölu +15 millj.
Þjónustukaup	<u>127.081</u>	<u>140.831</u>	viðhald hafnarbakka + 13 millj. Óseyrarbr.
Annar kostnaður	<u>12.069</u>	<u>17.017</u>	Skattar - framlög styrkir ...
Afskr. fastafjárm.	<u>114.652</u>	<u>125.943</u>	
Fjárm.gjöld/tekjur	<u>-2.981</u>	<u>-2.189</u>	Viðræður við Carbfix um fjármögnun hafnargerðar
Afkoma áætlað	<u>153.376</u>	<u>193.959</u>	

Almennur rekstur:

Þrátt fyrir umtalsvert tekjutap vegna löndunarbanns á rússneska togara í kjölfar innrásarinnar í Úkraínu, voru umsvif hafnarinnar með mesta móti. Á fyrri hluta ársins var umtalsverð aukning í löndun togara og fiskiskipa, aukning varð í komum farþegaskipa og almennum vöruflutningum. Þá var heimsmarkaðsverð á áli enn með hæsta móti. Áætlanir um tekjuaukningu á árinu hafa því gengið eftir þó landanir af Reykjanshrygg hafi alfarið fallið niður. Haldist álverð áfram í efra kanti eru líkur á að tekjur aukist enn frekar m.a. vegna aukningar í bókunum farþegaskipa á árinu 2023.

Áætlað er að tekjur hafnarsjóðs á árinu 2022 verði liðlega 800 kr. á árinu, en í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 737 milljónum í heildartekjur. Er sú niðurstaða þrátt fyrir um 50 milljón króna tekjumissi af afla- og skipagjöldum rússneskra togara.







Tekjur vegna vöruflutninga voru tæplega 160 milljónir fyrstu 8 mánuði þessa árs, en voru um 135 milljónir á sama tíma á sl. ári. Þá voru aflagjöld á fyrstu 8 mánuði ársins liðlega 77 milljónir en voru 79 milljónir á sama tíma árið 2021, eða sambærilegt og á sl. ári.

Reikna má með að aflagjöld á árinu 2022 verði um 100 milljónir, þrátt fyrir að engan Rússafisk og makríl, en þar munar mestu um stóraukningu í löndun á fyrri hluta ársins. Heildartekjur hafnarinnar á fyrstu 8 mánuðum ársins 2022 voru um 534 milljónir eða liðlega 68 milljónum hærrí en á sama tíma í fyrra.

Launkostnaður er áætlaður um 230 milljónir á árinu 2022 og var á fyrstu 8 mánuðum ársins í fullu samræmi við launaáætlun. Almennur rekstrarkostnaður hefur einnig verið að mestu í samræmi við áætlun en heildarfjárfestingar vera eitthvað lægri en áætlað var, þar sem landfyllingar við Hamarshöfn fara ekki af stað á þessu ári.

Þörf er á töluverðu viðhaldi eldri hafnarbakka, bæði stálþili og slitlagi á bökkum. Unnið hefur verið að endurbótum við Suðurbakka og hafnarsvæði í Straumsvík síðustu ár og á þessu hausti hófust viðamiklar viðgerðir á stálþili við Óseyrarbryggju sem er orðið liðlega 50 ára gamalt. Reglulegt viðhald er einnig á dráttarbátum hafnarinnar og er ástand þeirra með besta móti.





Orkuskipti – nýtt háspennukerfi á Hvaleyrarbakka og Suðurbakka


Á árinu var lokið við í fyrstu 2 áfanga við uppbyggingu á háspennutengingum á stærstu hafnarbökkunum, Hvaleyrarbakka og Suðurbakka. Það var hinn nýi frystitogari Baldvin Njálsson sem var fyrst landtengdur við nýja búnaðinn þann 10. júní á Hvaleyrarbakka og síðan var farþegaskipið Le Bellot tengt á Suðurbakka á Sjómanndaginn 12. júní. Það var jafnframt í fyrsta sinn sem farþegaskip er landtengt við háspennukerfi á hafnarsvæði hérlendis.

Með þessum áfram var stigið stórt skref í orkuskiptum á hafnarsvæðinu en stefnt er að því að hægt verði að landtengja allar stærðir fiski- og farmskipa og einnig flest þau farþegaskip sem koma til Hafnarfjarðarhafnar. Þannig verði mögulegt að draga sem kostur er úr keyrslu ljósavéla við hafnarbakka.

Tæknibúnaður nýja háspennukerfisins kemur frá norska framleiðandanum PSW, Jón Björn Bragason rafmagnsverkfræðingur sá um hönnun háspennuhlutans en Orkuvirki og HS-veitur sáu um uppsetningu á spennistöðvum og tengibúnaði. Verkefnisstjórn var í höndum Gunnars Sæmundssonar hjá Sætækni.

Spenni- og tíðnibúnaður er í sérútbúnum flytjanlegum gámum, tveimur 10 feta og einum 20 feta. Til að flytja rafmagnið um borð í skipin eru notaðar rafdrifnar kapalvindur af Zinus gerð en hver rafmagnskapall getur flutt 350 amper. Með spennibúnaði er hægt að stjórna því hvort spennan er 400, 440 eða 690 volt og hvort tíðnin er 50 eða 60 rið. Með þessum búnaði er Hafnarfjarðarhöfn fyrsta höfnin á Íslandi til að bjóða viðskiptavinum sínum að tengjast öflugum rafmagnstengingum þar sem skip geta fengið allt að 1,2 MW.

Raftengibúnaðurinn hefur reynst afar vel og mikil ánægja meðal notenda, en landtengingar eru mun hagkvæmari kostur en keyrsla á ljósvélum fyrir utan þau þann mikilvæga umhverfislega þátt að draga verulega úr allri loft- og hljóðmengun. Sífellt fleiri skip af stærri gerðinni eru að koma sér upp búnaði um borð fyrir þessar landtengingar og búast má við því að umtalsverð aukning verði í landtengingum skipa á háspennukerfinu hér í höfninni á næstu misserum og árum, bæði frystitogara, flutningaskipa og farþegaskipa.



Nýtt hafnarsvæði í Straumsvík

Mikil undirbúningsvinna hefur farið fram frá því í árslok 2021 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við stækkun hafnarsvæðis í Straumsvík í tengslum við væntanlega starfsemi Carbfix förgunarversins á svæðinu. Sérfræðingar Vegagerðarinnar skiluðu á sl. vori niðurstöðum rannsóknarvinnu vegna landfyllinga og brimgarðs á skerjunum norðaustan við núverandi súralsbakka. Þær niðurstöður sýna með skýrum hætti að mjög raunhæft er að geta byggt upp skjólgóða og tryggja höfn á þessu svæði. Miðað er við allt að 10-15 hektara landfyllingar, öflugan brimbrjót og þrjá viðlegukanta, um 200 m. hvern.

Verkáætlun gerir ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist við landfyllingar þegar á vordögum 2023 og fyrsta áfanga landfyllingar verði lokið fyrir árslok 2024. Brimvörn og viðlegu fyrir flutningaskip v. Carbfix verkefnisins verði lokið eigi síðar en í árslok 2026 og þriðja áfanga framkvæmdanna með öðrum viðlegubakka fyrir flutningaskip eigi síðar en á árinu 2029.

Carbfix miðar við að hefja starfsemi á Straumsvíkursvæðinu á árinu 2026 og fyrst um sinn myndu flutningaskip með kolefnisfarma nota aðstöðu við núverandi súralsbakka, en þegar fyrsti viðlegubakki nýju hafnarinnar verði fullbyggður, verði hægt að auka flutninga uppí allt að 3 milljónir tonna á ári. Miðað við flutningaskip með um 22 þús tonna burðagetu eru það um 150 skipaferðir á hverju ári.

Skipulagsvinna og ný framkvæmdasvæði

Nýtt deiliskipulag fyrir Óseyrarsvæði tók gildi á síðari hluta ársins 2022 og framkvæmdir á svæðinu sem verður tekið undir íbúðabygging munu væntanlega hefjast á komandi vetri. Deiliskipulagsvinna fyrir Hamarshöfn undir Vesturhamri er einnig í vinnslu og á að ljúka þeirri vinnu um og uppúr komandi áramótum. Stefnt er að því að nota jarðefni frá nýja byggingarsvæðinu til landfyllingar við Hamarshöfn.

Þá eru einnig í gangi viðræður milli bæjaryfirvalda og ríkisins um framtíðarsvæði fyrir Tækniskólann við Suðurhöfnina. Verði af þeim áformum þarf að endurkoða bæði aðkomuleið að Suðurhöfn og tryggja nýja aðstöðu fyrir skrifstofur og aðra starfsemi hafnarinnar.

Fjárfestingahreyfingar 2023 -26

	2022 (áætlun)	2022 (líklegt)	2023 áætlun	2024 áætlun	2025 áætlun	2026 áætlun
Fjárfesting	262.000	210.000	135.000	210.000	160.000	100.000
Lóðasala	0	22.000	0	0	0	0
Fjárfestingahreyf.			135.000	210.000	646.000	100.000

<u>Sundurliðun framkvæmda</u>	<u>2023</u>	<u>Sundurliðun</u>	<u>2024</u>	<u>2025</u>	<u>2026</u>
Hamarshöfn - landfyllingar	50.000	Hamarshöfn	150.000	100.000	100.000
Norðurgarður	50.000	Norðurgarður	50.000	50.000	
Deiliskipulag Flsb.höfn - Hamarsh.	10.000		10.000	10.000	
Geymslusvæði - frágangur	25.000				
samtals:	135.000	samtals:	210.000	160.000	100.000

Framkvæmdaáætlun til 2026:

Viðræður standa nú yfir milli bæjaryfirvalda í Hafnarfirði og Carbfix um samstarf sem meðal annars felur í sér uppbyggingu nýrrar hafnaraðstöðu í Straumsvík, tímaramma slíkra framkvæmda og fjármögnun þeirra. Endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir.

Verkefnið yrði stærsta framkvæmdaverkefni hafnarinnar á árinu 2023 og á næstu árum. Samkvæmt áætlun myndi vinna við 1. áfanga landfyllingar á skerjunum utan súrálbakka hefjast á vormánuðum 2023, en áður þarf að tryggja aðkomuleið með efni og aðra flutninga frá Hraunavík með strandlengjunni að verkstað. Þá gera áætlanir ráð fyrir að lokið yrði við 1. og 2. áfanga í Straumsvík fyrir árslok 2026.

Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður líðlega 5 milljarðar króna og þar af yrði framkvæmdakostnaður á árinu 2023 um 1,5 milljarðar. Í tengslum við uppbygginguna í Straumsvík er gert ráð nýjum öflugum dráttarbat með 50-60 tonna togkrafti sem þjóna myndi stórukinni skipaumferð tankskipa um nýja hafnarsvæðið, en áætlað kaupverð á slíkum dráttarbat er um 800 milljónir kr.

Önnur helstu verkefni á þessum framkvæmdatíma er landfylling og landmótun við Hamarshöfn. Áætlað er að nýta sem mest fyllingarefni frá framkvæmdum á Óseyrarsvæði. Þá er einnig gert ráð fyrir áframhaldi endurbyggingar á Norðurgarði og að þeim framkvæmdum verði lokið á næstu 3 árum.

Hafnarfirði 26. október 2022
Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri